

Hella Sigur 1996

Er vitið of þung byrði?

Hvernig stendur á því, að viturleg stjórnun virðist fremur vera undantekning en regla í mannheimum? Hvers vegna taka ráðamenn oft ákvarðanir, sem reynsla og heilbrigð skynsemi segja, að séu rangar og muni hafa skadlegar afleiðingar í för með sér, jafnvel fyrir ráðamennina sjálfa? Hvers vegna var t.d. hagvaxtarstefnan mótuð eftir stríð; stefna sem byggðist á því að **ekki** eyddist það sem af væri tekið? Og hvers vegna tifar nú skuldaklukkan án afláts í vestrænum lýðræðisríkjum, þó að skynsemin segi, að fyrr eða síðar komi að skuldadögum?

Vitið skilið eftir

Sagnfræðingurinn Barbara Tuckman ræðir þetta í bókinni *The March of Folly*. (Ganga kjánanna). Hún byrjar á að spyrja hvers vegna Trojumenn hafi dregið hestinn inn fyrir borgarmörkin, þegar öllum mátti vera ljóst, að brögð voru í tafla? Trojumenn höfðu góðar og gildar ástæður til að tortryggja Grikki, annað var beinlínis óskynsamlegt. Ráðamennirnir breyttu samt þvert á skynsamlegt vit og unnu þar með gegn eigin hagsmunum. Þeir hlustuðu hvorki á rödd skynseminnar né viðvaranir annarra, sem sáu hvað verða vildi. Kjánaskapurinn réð ferðinni, ekki vitið. Öll þjóðin galt síðan dýru verði glópsku hinna fáu en auðtrúa ráðamanna. Sagnfræðingurinn rekur mörg fleiri söguleg dæmi um þetta fyrirbrigði í mannlegri hegðun, sem hún nefnir þverhausahátt (wooden-headedness), en ein tegund þess er áður nefndur kjánaskapur. Megineinkenni kjánans sem stjórnanda er það, að hann breytir gegn betri vitund og vinnur þar með gegn eigin hagsmunum.

En það eru fleiri stjórnendur slæmir en kjáninn. Að dómi Tuckman má flokka slæma stjórnendur í fjóra flokka. Í fyrsta lagi þá sem beita ofbeldi. Í mannkynssögunni úir og grúir af dæmum um harðstjóra, allt frá Alexander mikla til Maós formanns. Í annan stað eru það stjórnendur, sem eru illa haldnir af mikilmennsku eða ofurmetnaði. Þeir eru líka auðfundnir, báðar heimsstyrjaldirnar á þessari öld áttu rætur að rekja til slíkra stjórnenda. Í þriðja lagi eru vanhæfir stjórnendur, en í þeim hópi eru þeir, sem hafa hvorki hæfileika, þekkingu né reynslu til að valda því verki, sem þeir hafa tekið að sér og bera ábyrgð á. Auðvelt er að finna dæmi um þessa gerð stjórnenda í fortíð og nútíð, en ef til vill ber hæst ráðamenn Rómaveldis hins forna, þegar það var komið að fótum fram. Þeir urðu viðskila við þjóðina og enduðu sem nátttröll, spilltir og til einskis nýtir. Í fjórða og síðasta lagi er það svo fyrrnefndur **kjáni**, sem vinnur gegn sjálfum sér.

Kjánaskapurinn er þess vegna í sérflokki, segir Tuckman, en til að ná máli í kjánaskap þarf þrennt að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi að ákvörðun

kjánans hafi augljóslega verið röng þá og þegar hún var tekin. Þetta er mikilvægt því að alkunna er, hversu auðvelt er að vera vitur eftir á. Í öðru lagi þarf annar og betri kostur að vera fyrir hendi. Þetta er líka mikilvægt, því að oft hafa stjórnendur ekki um að velja nema tvo eða fleiri vonda kosti. Loks þarf að vera um hóp að ræða, sem á hagsmuna að gæta, en ekki einstaklinga.

Hnignun Kvinnalistsans

Sé litast um á heimavelli blasir stjórnunarlegur kjánaskapur víða við, ekki bara hjá valdamiklum mönnum heldur líka hjá minni spámönnum. Ég held t.d., að meginástæðan fyrir hnignun og að líkindum endalokum Kvinnalistsans eigi rætur að rekja til tvíburanna vanhæfni og kjánaskapar. Þegar Samtök um Kvinnalista voru stofnuð, var ekki sóst eftir reyndum konum til starfa heldur var jafnvel svo að skilja, að því óreyndari og fáfróðari sem konurnar væru þeim mun betra. Sem flest skyldi lært með uppgötvunaraðferðinni, en sú námstækni er seinleg, eins og menn vita. Þetta var svona ámóta skynsamlegt og að stökkva ósyndur út í djúpu laugina. Við slíkar aðstæður er mönnum nauðugur einn kostur; að busla og baða út öllum öngum til að reyna að halda sér á floti. En þá er viðbúið, að þeir sem eru betur syndir komist fram úr byrjandanum. Eða hefur það ekki einmitt gerst hjá Kvinnalistanum? Hafa konurnar ekki eytt allri orkunni í að halda sér á floti á pólitíska kappsundinu í öll þessi ár og sjá nú í iljarnar á þeim sem voru og eru betur syndir? Líkast til myndi sagnfræðingurinn flokka þetta sem sambland af vanhæfni og kjánaskap. Reynsluleysi þarf samt ekki alltaf að verða mönnum að fótakefli, hins vegar hlýtur það að verða pólitískum flokki nokkur fjötur um fót ætli hann sér jafnframt hlutverk brautryðjandans og nýsköpunarmannsins. Kvinnalistsinn uppfyllti aftur á móti skilyrði kjánaskaparins ágætlega, þegar hann klúðraði framboðsmálum sínum á Reykjanesi sl. vor. Þar fór ekkert á milli mála, aðferðin við uppstillingu á listann stríddi gegn skynsamlegu viti, aðgerðin særði réttlætiskennd fólks og öllum var ljóst að annar kostur var fyrir hendi. Sem sagt; kjánaskapur í sérflokki.

Helga Sigurjónsdóttir